

KJARASAMNINGUR
milli
Samiðnar
og
Landsvirkjunar

1. gr.

Síðast gildandi kjarasamningur framlengist til 31. janúar 2014 með þeim breytingum og fyrirvörum sem greinir í samningi þessum.

2. gr.

Við samþykkt samnings þessa greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 50.000, hverjum starfsmanni í fullu starfi sem er við störf í maí og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðunum mars-maí. Starfsmenn sem létu af störfum í apríl fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl. Starfsmenn sem hófu störf í apríl eða fyrstu fimm dagana í maí og eru í starfi í maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Greiðslan skal innt af hendi eigi síðar en 31. júlí 2011.

3. gr.

Laun og launatafla hækka sem hér segir:

1.6. 2011:	4,25%.
1.2. 2012:	3,5%.
1.2. 2013:	3,25%.

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega á sömu dagsetningum, nema annað sé sérstaklega tilgreint í samningnum.

4. gr.

Síðasta málsgrein gr. 3.2 orðist svo:

Álag þetta reiknast ofan á grunnkaup að viðbættu meðaltals vakta- og bakvaktaálagi.

5. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót miðað við fullt starf er sem hér segir:

Á árinu 2011 kr. 82.775.
Á árinu 2012 kr. 85.672.
Á árinu 2013 kr. 88.456.

Orlofsuppbót miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011 kr. 82.775.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 kr. 85.672.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 kr. 88.456.

Sérstakt álag á orlofs- og desemberuppbót 2011

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót, kr. 10.000.
Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á desemberuppbót, kr. 15.000.



6. gr.

Ýmis ákvæði

Eftirtalin ákvæði úr kjarasamningi SA og aðildarsamtaka ASÍ dags. 5. maí 2011 verði hluti samnings þessa:

- Ólaunaðir frídagar á ferðum

Aðilar munu jafnframt fara yfir önnur ákvæði í kjarasamningi ASÍ og SA og færa inn í kjarasamning aðila eftir því sem við á.

7. gr.

Samningsforsendur

Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum eða samningstíma á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ, dags. 5. maí 2011, skal það sama gilda um samning þennan.

8. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings


Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 14:00 föstudaginn 22. júlí.

Reykjavík, 4. júlí 2011

F.h. Samiðnar




F.h. Landsvirkjunar




Bókun um viðbótarmenntun

Landsvirkjun mun meta að hvaða marki viðbótarmenntun Samiðnaðarmanna, sem sérstaklega nýtist í starfi, geti leitt til launahækkunar. Starfsmaður sem aflar sér slíkrar viðbótarmenntunar getur óskað eftir viðtali um breytingar á starfskjörum.

**Bókun um slysatryggingar**

Samningsaðilar munu á árinu 2011 bera ákvæði kjarasamningsins um slysatryggingar saman við kjarasamninga Samiðn við önnur orkufyrirtæki og meta hvort ástæða sé til samræmingar.



Yfirlýsing vegna „milliferðagreiðslu“

Landsvirkjun mun gefa starfsmönnum á orkusviði kost á að breyta milliferðagreiðslu þannig að hún sé greidd sem laun, enda komi sameiginleg ósk frá öllum starfsmönnum á viðkomandi starfssvæði.

